

Fundargerð

Fundur í stjórn Foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness

23. febrúar, 2011

Mættir eru: Anna Harðardóttir, Stephanie Smith, Þórður Rafn Ragnarsson, Magnhildur Magnúsdóttir, Hildur Elín Geirsdóttir, Kristín Þorleifsdóttir og Haukur Hauksson fundarritari.

Fjármál

Rúmlega 50% foreldra hafa greitt félagsgjald. Staða sjóðsins er rúm 300 þús þegar greitt hefur verið fyrir leiksyningu í boði félagsins og styrkur til SOS barnsins. Foreldrum hefur verið send tilkynning um að gjaldið verði innheimt með gíróseðlum. Gjafir til Leikskólans ræddar. Lagt til að staða sjóðsins verði metin í vor og þá tekin ákvörðun um gjafir.

Fundur stjórnar með formanni skólanefndar og bæjarstjóra

Stjórn foreldrafélagsins og leikskólaráðs sat fund með Sigrúnu Eddu Jónsdóttur formanni skólanefndar og Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra. Farið vítt um sviðið í málefnum leikskólans og einnig grunnskólans. Stjórnin kom með ýmsar ábendingar til bæjarstjórnar um það sem helst brennur á foreldrum. Rætt var um niðurskurðinn í listnámi í fyrra, gæði og samsetningu matseðils skólans, einelti og lengd dagvistunartíma yngri en 2ja ára. Í framhaldi af þessum fundi hefur stjórn foreldrafélagsins sent erindi til formanns skólanefndar með ósk um fund með yfirmatreiðslumeistara leikskólans til að ræða samsetningu matseðils leikskólans og gæði hráefnis. Þau málefni sem rædd voru á þessum fundi verða m.a. til umræðu á skólaþingi.

Skólaþing

Rætt um aðkomu stjórnar að Skólaþingi 2. mars. Stjórnarmenn hvattir til að hafa samband við foreldra og hvetja þá til þátttöku. Stjórnin mun verða með a.m.k. 4 fulltrúa á þinginu. Rætt um mikilvægi þess að fylgja vel eftir umræðum sem skapast á þinginu og niðurstöðum þess.

Dagskráin fram á vor:

Dagskrá á vegum félagsins fram á vor rædd s.s. sumarhátíð og lengri ferðir.

Sumarhátíð

Rætt um fyrirkomulag og dagskrá sumarhátíðar. Horft til 22. júní sem dagsetningu hátíðarinnar. Stjórnin ætlar að skoða möguleika á tónlistaratriði í samstarfi við Tónlistarskólann. Anna hefur samband við Tónlistarskólann.

Ferðir

Fyrirhugaðar eru ferðir í Sorpu og Gróttu ásamt árlegri útskriftarferð. Dagskrá hennar verður kynnt síðar. Rætt um ferðir yngstu barna. Stjórnin leggur til að sá hópur fari frekar í styttri ferðir og ekki rútuferðir. Rætt um að spennandi gönguferðir með nesti séu ekki síður vinsælli og hentugri en langar ökuferðir.

Ekki fleiri mál á dagskrá

Fundi slitið

18.30